

# SKIPULAGSSKRÁ LISTASAFNS SIGURJÓNS ÓLAFSSONAR

## NAFN OG STOFNSETNING

1. gr. Með skipulagsskrá þessari stofnsetur Inga Birgitta Spur (4545-5297), Laugarnestanga 70, Reykjavík sjálfseignarstofnun, sem ber heitið "LISTASAFN SIGURJÓNS ÓLAFSSONAR". Formleg stofnsetning þessarar sjálfseignarstofnunar er í beinu framhaldi af stofnun einkasafns, er bar sama heiti og sett var á stofn 1. desember 1984, og rennur í raun einkasafnið inn í sjálfseignarstofnunina.

2. gr. Sjálfseignarstofnunin hefur sérstakan fjárhag og er sjálfstæður skattaðili með heimilisfang að Laugarnestanga 70, 105 Reykjavík og með varnarþing á sama stað. Kennitala stofnunarinnar er 490885-0809.

## TILGANGUR OG MARKMIÐ

3. gr. Það eru meginmarkmið þessarar sjálfseignarstofnunar að varðveita listaverk Sigurjóns Ólafssonar, stuðla að því að almenningur fái notið listar hans og að vinna að því að framlag Sigurjóns á sviði myndlistar nýtist til heilbrigðrar þróunar menningarlífs á Íslandi.

4. gr. Þessum markmiðum sínum hyggst sjálfseignarstofnunin ná með eftirfarandi hætti:

- að annast um listaverk Sigurjóns, forða þeim frá skemmdum og geyma þau á réttan hátt,
- að standa fyrir sýningum á verkum hans, sérsýningum eða samsýningum, í sjálfu listasafninu eða annars staðar,
- að vinna að gerð heildarskrár yfir verkin, taka af þeim ljósmyndir og skrásetja eigendur,
- að auðvelda nemendum, ekki síst í listaskólum, að kynnast list Sigurjóns,
- að standa fyrir útgáfustarfsemi til kynningar á list Sigurjóns,
- að stuðla að fræðilegum rannsóknum á list Sigurjóns og framlagi hans til þróunar myndlistar,
- að tengja starfið í listasafninu öðrum listgreinum eftir því sem við verður komið,
- að hafa uppi öll önnur tiltæk ráð til þess að tilganginum með sjálfseignarstofnuninni verði náð,
- að stuðla að verndun á náttúrulegu umhverfi safnsins og búsetulandslagi á Laugarnesi.

## STOFNFÉ, TEKJUR OG GJÖLD

5. gr. Stofnandi leggur sjálfseignarstofnuninni til eftirfarandi eignir sem óendurkræft stofnfé:

- Áttatíu listaverk eftir Sigurjón Ólafsson samkvæmt sérstakri skrá, sem fylgir þessari skipulagsskrá. Með eru talin öll þau verk, sem einkasafnið hafði heimildir til að láta gera afsteypur af í fjáröflunarskyni fyrir endurbyggingu vinnustofu Sigurjóns Ólafssonar að Laugarnestanga. Hér er rétt að taka sérstaklega fram, að Birgitta Spur, sem á höfundarrétt að öllum verkum Sigurjóns Ólafssonar, skuldbindur sig með skipulagsskrá þessari til að heimila nýtingu höfundarréttarins í hvert skipti til að gera afsteypur af þeim listaverkum sem hér eru afhent, í því skyni að afla stofnuninni tekna, enda sinni stofnunin hlutverkum sínum samkvæmt 3. og 4. gr.

- (b) Allar fasteignir að Laugarnestanga 70 í Reykjavík ásamt öllu, sem þeim fylgir og fylgja ber, þ.m.t. væntanleg lóðarréttindi, en hér er um að ræða endurbyggða vinnustofu Sigurjóns, nýja tengibyggingu og íbúðarhús, allt í því ástandi, sem þessar fasteignir eru nú í. Ennfremur fylgja allar innréttingar og húsgögn, þ.m.t. flygill af Bösendorfer gerð. Meðfylgjandi er skrá yfir framangreindar fasteignir ásamt brunabótamati þeirra.
- (c) Öll verkfæri og vinnuskissur Sigurjóns Ólafssonar, sem til staðar eru í þessu húsnæði.
- (d) Allar birgðir af kortum og bókum, sem Styrktarsjóður Listasafns Sigurjóns Ólafssonar hefur gefið út, sem til eru í húsnæðinu og tilheyrðu áður einkasafninu.
- (e) Allar ljósmyndir af verkum Sigurjóns Ólafssonar, sem eru í eigu einkasafnsins.

6. gr. Varðandi stofnféð, sem lýst er í 5. gr., þarf að taka fram, að sjálfseignarstofnunin tekur að sér að greiða skuldir, sem einkasafnið er nú í vegna uppbyggingar og rekstrar safnsins til þessa. Skipulagsskránni fylgir skrá yfir þessar skuldir.

7. gr. Tekjur stofnunarinnar eru sem hér segir:

- (a) ávöxtunartekjur stofnfjár,
- (b) tekjur af nýtingu húsnæðis og aðstöðu,
- (c) sölutekjur af afsteypum mynda, ljósmyndum, jólakortum og fleiru slíku,
- (d) gjafir og framlög frá velunnurum safnsins,
- (e) almennar rekstrartekjur safnsins,
- (f) aðrar tekjur.

8. gr. Útgjöld stofnunarinnar eru sem hér segir:

- (a) kostnaður við að sinna hlutverkum stofnunarinnar samkvæmt 3. og 4. gr., þ.m.t. viðhaldskostnaður fasteigna,
- (b) almennur rekstrarkostnaður safnsins,
- (c) önnur útgjöld.

9. gr. Gæta skal hagsýni í hvívetna við meðferð eigna stofnunarinnar með framtíðarhagsmuni hennar og hlutverk í huga.

## STJÓRN

10. gr. Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar, sem nefnist safnstjórn, skal skipuð 5 einstaklingum og 2 til vara. Birgitta Spur situr í stjórn og skal vera formaður hennar meðan hún óskar þess. Hún velur með sér 2 menn í stjórn og 1 til vara og skal hún tilkynna aðalfundi, sbr. 23. gr., hverjir verða tilnefndir af henni. Eftir að Birgittu nýtur ekki við, gengur sjórnarsæti hennar til þess, sem hún hefur til þess valið, og svo þannig mann fram af manni. Sá sem situr í því sæti hefur rétt til að skipa 2 stjórnarmenn sér til hliðar og 1 til vara. Fulltrúaráð, sem stofnað er með þessari skipulagsskrá, tilnefnir þá stjórnarmenn, sem upp á vantar að fullri tölu stjórnarmanna sé náð.

11. gr. Kjörtímabil stjórnarmanna er 4 ár. Ef forföll verða þannig að stjórnin verður ekki fullskipuð, skulu tilnefningaraðilarnir skipa nýja menn í samræmi við 10. gr. hér að framan. Falli Birgitta eða eftirmaður hennar frá án þess að hafa gert ráðstafanir um eftirmann, skal fulltrúaráðið skipa mann í hennar stað eftir bestu sannfæringu um heildarhagsmuni safnsins.

12. gr. Safnstjórn heldur fundi, þegar þurfa þykir, og ræður afl atkvæða úrslitum allra mála. Rita skal fundargerðir stjórnarfunda.

13. gr. Safnstjórn stýrir daglegum rekstri safnsins, hefur allt framkvæmdavald stofnunarinnar á hendi og ræður öllum málefnum hennar til lykta með þeim takmörkunum, sem greindar eru í skipulagsskrá þessari. Safnstjórn ber ábyrgð á því, að meginmarkmiðum stofnunarinnar, eins og þeim er lýst í 3. og 4. gr., verði náð.

14. gr. Safnstjórn má veðsetja húseignir sjálfseignarstofnunarinnar fyrir lánnum í hennar þágu, en 3 stjórnarmenn þurfa að samþykkja veðsetninguna.

15. gr. Safnstjórn ræður forstöðumann safnsins og skulu laun hans og starfskjör miðuð við það, sem tíðkast hjá opinberum starfsmönnum, er vinna skyld störf. Forstöðumaður hefur prókúruumboð stofnunarinnar.

16. gr. Ef og meðan Birgitta óskar þess, skal hún ráðin forstöðumaður og gerður um það ráðningarsamningur við hana. Án tillits til þess, hvort hún er forstöðumaður eða ekki, hefur Birgitta rétt til að búa leigulaust í íbúðarhúsinu, sem tengt er við safnið, meðan hún óskar þess.

17. gr. Safnstjórn skal gæta almennra lagaákvæða um sjóði með skipulagsskrár eftir því sem við á.

18. gr. Komi til þess, að engin stjórn sé starfshæf í stofnuninni, af hvaða ástæðum sem er, skal menntamálaráðuneytið hlutast til um að fá þá aðila, sem hér hafa skyldum að gegna samkvæmt skipulagsskránni, til að fullnægja þeim skyldum, ella skipa nýja stjórnarmenn til að veita stofnuninni forustu.

19. gr. Safnstjórn semur árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar og leggur hana fyrir aðalfund sbr. 23. gr. Jafnframt semur hún ársreikninga stofnunarinnar og leggur þá endurskoðaða fyrir aðalfundinn, sem afgreiðir þá. Reikningsárið er almanaksárið.

## FULLTRÚARÁÐ

20. gr. Stofnsett skal fulltrúaráð sjálfseignarstofnunarinnar og skal það skipað 12 einstaklingum. Í upphafi skipar Birgitta Spur alla 12 einstaklingana en þegar fram líða stundir endurnýjar fulltrúaráðið sig sjálft, þannig að á aðalfundi eftir eitt ár ganga 3 ráðsmenn úr því eftir stafrófsröð forna og skal þá ráðið kjósa menn til 4 ára í þeirra stað. Þetta skal endurtaka sig þrjá aðalfundi. Heimilt er að endurkjósa fulltrúa í ráðið. Að öðru leyti kýs fulltrúaráðið eftirmenn þeirra.

21. gr. Fulltrúaráðinu er fengið það hlutverk með þessari skipulagsskrá að stjórna sjálfseignarstofnuninni með Birgittu Spur samkvæmt þeim reglum um verkaskiptingu, sem felast í skipulagsskránni. Meginhlutverk ráðsins er að tilnefna 2 einstaklinga í stjórn stofnunarinnar og 1 til vara, til fjögurra ára í senn, svo og tilnefna fleiri, ef upp kemur sú staða, sem rætt er um í 11. gr.

22. gr. Fulltrúaráðið velur sér formann og varaformann til 4 ára, og er það starf formannsins að sjá um að fulltrúaráðið sinni verkefnum sínum samkvæmt þessari skipulagsskrá. Á fulltrúaráðsfundum gilda almenn fundarsköp og ræður einfaldur meirihluti úrslitum allra mála. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns fulltrúaráðs. Halda skal gerðabók. Stjórn safnsins getur boðað fulltrúaráðið til fundar við sig, ef þörf krefur.

## AÐALFUNDUR

23. gr. Í maí eða júní ár hvert skal halda sameiginlegan fund með stjórn safnsins og fulltrúaráði og heitir hann aðalfundur sjálfseignarstofnunarinnar. Á þeim fundi hafa stjórnarmenn atkvæðisrétt eins og fulltrúaráðsmenn. Til aðalfundarinnar skal boða bréflaga með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara. Viðfangsefni aðalfundar og dagskrá hans skal vera sem hér greinir:

- (a) Fram er lögð skýrsla stjórnar um starfsemi stofnunarinnar fyrir liðið starfsár.
- (b) Afgreiddir eru endurskoðaðir ársreikningar stofnunarinnar fyrir liðið starfsár.
- (c) Birgitta Spur eða sá, sem kemur í hennar stað tilkynnir tilnefningu sína á fulltrúum í stjórn og varastjórn, eftir því sem við á, skv. 10. og 11. gr.
- (d) Fulltrúaráðið kýs fulltrúa í stjórn og varastjórn stofnunarinnar eftir því sem við á, skv. 10., 11. og 18. gr.
- (e) Kosinn formaður og varaformaður fulltrúaráðsins skv. 22. gr.
- (f) Skipaður löggiltur endurskoðandi fyrir næsta reikningsár.
- (g) Gerðar eru almennar leiðbeinandi ályktanir um starfsemi stofnunarinnar.
- (h) Önnur mál.

## SKIPULAGSSKRÁIN

24. gr. Skipulagsskrá þessa semur Birgitta Spur og leitar eftir staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á henni. Á staðfestingardegi telst sjálfseignarstofnunin LISTASAFN SIGURJÓNS ÓLAFSSONAR stofnsett og tekur þá til starfa.

25. gr. Ekki má breyta skipulagsskránni nema allir í stjórn og tveir þriðju hlutar fulltrúaráðs samþykki breytinguna og breytingin hljóti staðfestingu ráðuneytisins.

26. gr. Komi til þess, af hvaða ástæðum sem er, að sjálfseignarstofnun þessi verði lögð niður og engin önnur stofnsett með sama hlutverk, eða svipað, af eða í samvinnu við stofnanda samkvæmt 1. gr. eða fulltrúaráð samkvæmt 20. gr., skulu allar eigur hennar renna að hálfu til Listasafns Íslands og Reykjavíkurborgar að tilhlutan menntamálaráðuneytisins.

## ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA

27. gr. Þegar skipulagsskrá þessi hefur hlotið staðfestingu dómsmálaráðuneytisins, skal Birgitta Spur tilnefna einstaklinga í fulltrúaráðið, svo fljótt sem verða má, og kalla það saman á stofnfund og hafa þá tilbúna tilnefningu sína í stjórn. Fulltrúaráðið skal á þessum fyrsta fundi sínum skipa 2 menn í stjórn og 1 til vara og ráða löggiltan endurskoðanda. Sú stjórn, sem þannig verður sett á laggirnar, er bráðabirgðastjórn, sem hefur umboð fram til maí-júní 1990, en þá skal hún efna til fyrsta aðalfundar sjálfseignarstofnunarinnar. Þar skal velja stjórn til 4 ára og sinna öðrum aðalfundarstörfum.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. nóvember 1989

F. h. r.

Jón Thors  
(sign)

Fanney Óskarsdóttir  
(sign)

með áorðnum breytingum staðfestum af Dóms- og Kirkjumálaráðuneytinu 7. nóvember 2002  
[Bætt við (i) lið í 4. grein]